



Áveitan

10. tbl. 17. árgangur. Október 2023



Basar í Þingborg 4. nóvember

Kvenfélögin í Flóahreppi standa sameiginlega að basar, sem haldinn verður í Þingborg, laugardaginn 4. nóvember 2023 kl. 13-17.

Öll innkoma rennur til Sjóðsins góða. Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, kirkjusókna, félagsþjónustunnar í Árnassýslu, deilda Rauða krossins í Árnassýslu og Hjálparstarfs kirkjunnar. Hlutverk Sjóðsins góða er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðþurftum fyrir jólin.

Veglegur kökubasar, vöfflusala og fjölbreytt, vandað handverk verður til sölu.

Tekið verður við greiðslukortum.

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps,
Kvenfélag Hraungerðishrepps og
Kvenfélag Villingaholtshrepps



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@floaskoli.is

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra



Kæru lesendur Áveitunnar



Líkt og aðra mánuði hefur septembermánuður verið viðburðarríkur hjá sveitarfélaginu Flóahreppi.

Sveitarstjórn fundaði í upphafi mánaðarins. Á fundinn mætti nýskipaður **byggðaþróunarfulltrúi** neðri hluta Árnassýslu sem er sveitungi okkar Ingunn Jónsdóttir í

Hallanda. Byggðaþróunarfulltrúi getur nýst okkur á ýmsan hátt sem stuðningur við þróun byggðar á okkar svæði með virkri þátttöku hagaðila svo sem íbúa, sveitarfélaga og SASS.

Byggðaþróunarfulltrúi veitir ýmiskonar ráðgjöf fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Nánari upplýsingar um byggðaþróunarfulltrúa á Suðurlandi má finna hér: <https://www.sass.is/umsass/starfsfolk/>

Vinnuhópur vegna **uppbyggingar** við Flóaskóla hefur verið starfandi í tæpt ár og hefur fundað nokkuð þétt undanfarnar vikur. Auk hefðbundinna funda var farið í heimsókn í Stekkjaskóla á Selfossi til að skoða skólann sem var tekinn í notkun í haust. Hópurinn mun skila af sér tillögum til sveitarstjórnar í október ef allt gengur eftir.

Undirbúningur **fjárhagsáætlunar** næsta árs er kominn af stað. Undirbúningur hefst á samtali sveitarstjóra við forstöðumenn stofnana og deilda innan sveitarfélagsins. Staða núverandi árs

er greind og áherslur fyrir komandi ár lagðar. Í ár voru nefndir á vegum sveitarfélagsins einnig beðnar um að koma með innlegg varðandi áherslumál í viðkomandi málaflokkum. Sveitarstjórn ákveður að lokum hvernig fara skuli með fjárheimildir næsta árs og skal samþykkt fjárhagsáætlun komandi árs ásamt áætlun fyrir næstu þrjú ár þar á eftir liggja fyrir í desember. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir sveitarfélagið. Fjárhagsáætlun næsta árs er bindandi ákvörðun sveitarstjórnar um allar fjárhagslegar ráðstafanir og áætlun næstu þriggja ára er heildaráætlun sem mótar áherslumál og stefnu til lengri tíma.

Sveitarstjórn samþykkti á fundi sínum í mánuðinum að taka þátt í sameiginlegum rannsóknarborunum vegna **kaldavatsnösflunar** í Kaldárhöfða í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ásamt Flóahreppi og Grímsnes- og Grafningshreppi tekur Sveitarfélagið Árborg þátt í verkefninu. Með þessu er verið að hugsa um vatnsöflun til framtíðar fyrir svæðið.

Fyrsta greiðsla úr **Úrvinnslusjóði** vegna sérstakrar söfnunar í janúar-mars barst í júlí. Íbúar Flóahrepps söfnuðu 5.095 kg á þessu þriggja mánaða tímabili eða 7,2 kg á hvern íbúa sem skilaði endurgreiðslu til sveitarfélagsins upp á 521.478 kr. Þessi upphæð rennur beint inn í þann málaflokk og ef vel gengur í sérstakri söfnun hjá íbúum sveitarfélagsins þá getur það haft áhrif til lækkunar á álögð þjónustugjöld fasteigna vegna sorphirðu. *Við hvetjum íbúa því til að leggja metnað í flokkun en endurgreiðsla frá Úrvinnslusjóði á við pappa, plast, málma og gler.*

Minnt er á grenndargámana fyrir gler og málm sem standa við Þingborg og Félagslund.

Sveitarstjóri hefur átt áframhaldandi samtal við **Vegagerðina** um þjónustu í sveitarfélaginu. Vegheflun mun fara fram á helstu malarvegum fyrir veturinn og einnig verða kantar slegnir þar sem mesta þörfin er til að sporna við snjósöfnun við vegina.

Svar barst frá Vegagerðinni í september vegna bókunar sveitarstjórnar um **samgöngumál** í Flóahreppi. Í svarinu kemur fram að Vegagerðin hefli almennt malarvegi amk. tvisvar á ári eða að vori og hausti. Áhersla var lögð á Flóahrepp vegna mölburðar í haust og lauk því verki af hálfu Vegagerðarinnar í september. Einnig er tekið fram í svarbréfinu að stefnt sé að því að uppfæra þjóvegakerfið með aðalbrautir í huga í haust eða vetur og þá með uppsetningu nýrra merkja og breytingum á yfirborðsmerkingum næsta sumar þar sem þar á við. Sveitarstjóri hefur óskað eftir því að fá að fara með starfsmönnum Vegagerðarinnar í eftirlitsferð til að skoða aðstæður víðsvegar um sveitarfélagið. Í byrjun október stendur Vegagerðin fyrir samráðsfundi um endurskoðun á vinnureglum **vetrarþjónustu** og mun sveitarstjóri sækja þann fund.

Í fyrstu viku októbermánaðar er **kjördæmavika** þingmanna og munu þingmenn Suðurlkjördæmis eiga fund með fulltrúum sveitarfélagsins um hin ýmsu málefni. Nokkuð ljóst er að samgöngumál, raforkuöryggi, kostnaður við flutning raforku í dreifbýli og umræður um ávinning nærsamfélags af nýtingu orkuauðlinda verður ofarlega í huga á þeim fundi ásamt öðrum málefnum sem snerta sveitarfélagið okkar.

Í lok september sótti sveitarstjórn Flóahrepps, ásamt starfsmönnum skrifstofu, **fjármálaráðstefnu** sveitarfélaga sem var haldin í Reykjavík. Á ráðstefnunni voru mörg áhugaverð og gagnleg erindi um fjármál, rekstur og hin ýmsu málefni sveitarfélaganna. Samhliða sótti sveitarstjóri ársfund Jöfnunarsjóðs og aðalfund Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum.

Fasteignasvið sveitarfélagsins vinnur nú hörðum höndum að því að sinna **viðhaldsverkefnum** í fasteignum sveitarfélagsins í samræmi við samþykktu framkvæmdaáætlun fyrir árið 2023. Má

þar nefna nýja hurð við íþróttainngang og lagfæringu á stéttum við Þingborg, uppsetning á ledkösturum og lagfæring á rennuniðurföllum í Þingborg, lagfæring á anddyri og bætt aðgengi í stóla- og borðageymslu í Félagslund, nýtt gólfefni og málun á sviði í Þjórsárveri, lagfæring á gólfi í anddyri leikskólans, uppsetning varmadælu í húsnæði frístundar og lagfæring á kösturum á leik- og sparkvelli við Flóaskóla.

Sveitarstjóri hefur unnið undanfarið með fulltrúum Markaðsstofu Suðurlands við uppfærslu á **áfangastöðum** í Flóahreppi. Í Flóahreppi eru margir áhugaverðir áfangastaðir fyrir innlenda og erlenda ferðamenn en mikilvægt er að sveitarfélög og landeigendur hugi að uppbyggingu slíkra áfangastaða t.d með bættu aðgengi og merkingum til að auka öryggi ferðamanna og styðja við náttúruvernd á svæðum sem eru fjölsóttir. Tengt þessu máli er vert að benda á að opið er fyrir umsóknir í **Framkvæmdasjóð ferðamannastaða** og eru landeigendur áfangastaða hvattir til að sækja um þar ef áhugi er fyrir hendi á frekari uppbyggingu: <https://www.ferdamalastofa.is/is/studningur/framkvaemdasjodur-ferdamannastada/upplýsingasida-um-umsoknir>

Umsóknarfrestur í **Uppbyggingasjóð** Suðurlands rennur út kl. 16:00 þriðjudaginn 3. október. Einstaklingar og atvinnurekendur eru hvattir til að sækja um í sjóðinn. Áhersluverkefni haustúthlutunar eru verkefni sem tengjast menningu ásamt atvinnuþróun og nýsköpun. Sjá nánar hér: <https://www.sass.is/uppyggingarsjodur/>

Fulltrúar sveitarfélagsins fengu boð frá eigendum og framkvæmdaaðilum vegna opnunar nýrrar **íbúðabyggðar** í Flóahreppi eða nánar tiltekið í Huldu- og Maríuhólum sem stendur við Skeiðavegin og liggur upp að sveitarfélagamörkum Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Í þessum fyrsta áfanga verða 17 lóðir settar í sölu af þeim 50 sem eru

sambýkktar. Að auki eru 15 lóðir í viðbót í ferli og verða því alls 65 lóðir á þessu svæði sem skilgreint er sem íbúðabyggð. Flóahreppur hefur átt mjög gott samstarf við eigendur og framkvæmdaaðila á skipulagstímanum en það er mikilvægt að sveitarfélagið sé vel inni í svona stórum málum enda sveitarfélagsins að bregðast við uppbyggingu innviða og að þjónusta þá íbúa sem hingað munu flytja. Það er ljóst að áhugi á svæðinu er mikill enda teljum við að íbúar Flóahrepps búi við góð lífsgæði og að hér séu góð búsetuskilyrði.

Flóahreppur greiðir **hvatastyrki** að upphæð 30.000 kr tvisvar á ári og er umsóknarfrestur um greiðslur fyrir haustönn til 1. nóvember. Greitt er skv. umsóknum og fullnægjandi fylgigögnum um mánaðarmótin nóvember-desember. Sjá nánar hér: <https://www.floahreppur.is/is/sveitin-okkar/ithrottir-og-utivist/hvatagreiðslur>

Við opnuðum **ábendingagátt** fyrir íbúa Flóahrepps á heimasíðu sveitarfélagsins en þar má senda inn ábendingar eða athugasemdir svo sem ef eitthvað þarf að laga, eða sem betur mætti fara í þjónustu sveitarfélagsins, ábendingar um færð og aðstæður eða annað sem íbúar vilja koma á framfæri. Starfsmenn Flóahrepps svara ábendingum eða bregðast við eftir aðstæðum. Íbúar eru hvattir að nýta sér þennan möguleika á gagnlegan og uppbyggilegan hátt – allt með það að markmiði að auka skilvirkni, upplýsingaflæði og þjónustu í sveitarfélaginu. Ábendingagátt Flóahrepps má finna hér: <https://www.floahreppur.is/is/thjonusta/abendingagatt-floahrepps>

Í blálok septembermánaðar stóðu Ungmennafélagið Þjótandi og menningarnefnd Flóahrepps sameiginlega að **Kornskurðarballi** í Félagslund. Það er von okkar að þetta verði árlegur viðburður. Menningarnefndin mun svo standa fyrir **aðventutónleikum** í byrjun desember en það er nýjung í menningardagskrá sveitarfélagsins sem mun vonandi vekja lukku og vera vel sóttur

viðburður.

Að lokum bið ég íbúa og fasteignaeigendur að huga að **undirbúningi fyrir veturinn** líkt og að huga að lausamunum og tryggja að vegir og veghelgunarsvæði séu laus við hluti sem geta valdið vandræðum við snjómokstur í vetur. Þó að það sé fallett haustveður þegar þetta er skrifað og sól í heiði þá vitum við aldrei hvenær veturinn skellur á.

*Með haustkveðju,
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Haustfundur kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldin í Þingborg, fimmtudaginn 5.október, kl 20.

Kaffikonur: Veronika Narfadóttir, Sigurbára Rúnarsdóttir og Auður Atladóttir.

Nýjar konur velkomnar að kynna sér starfið .
Kveðja stjórnin.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Haustfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 19. október n.k kl 20:00
Staðsetning verður auglýst síðar.

Kaffikonur eru: Elfa Kristinsdóttir, Hafdís Örvar og Mia Pellikka.

Hlökkum til að sjá ykkur, nýjar konur alltaf velkomnar.
Kveðja, Stjórnin.

Opnunartímar gámasvæðisins í Hrísmýri eru eftirfarandi:

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Laugardaga: 13:00 – 16:00

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið igf@igf.is
Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrísmýri. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg.

Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:

Andri Þór Erlingsson og Ingibjörg Einarsdóttir sjá um húsvörslu í Félagslund og Þingborg. Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist í síma 691-7082 eða á netfangið thingborg@gmail.com.

Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á hulda@floahreppur.is til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal. Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á arni@floahreppur.is.

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps:

Opnunartími skrifstofu er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opin frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is

Hafdis bókari og launafulltrúi: hafdis@floahreppur.is

Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vegna Flóaljóss: gudmundur@snerra.com

Vegna seyru og rotþróa: seyra@seyra.is eða sími 832-5105

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Frá Umf Þjótanda



Vel heppnuð glímuferð til Englands

Í lok ágúst átti Þjótandi þrjá fulltrúa í hópi glímumanna sem fóru fyrir hönd Glímusambands Íslands í keppnisferð til Englands. Þetta voru þeir Björgvin Guðni og Óskar Freyr glímumenn og faðir þeirra Sigurður Emilsson sem var í hópi fararstjóra. Flogið var út til Englands og keppt í hryggspennu (backhold) á nokkrum mótum. Keppnirnar fóru fram undir berum himni og voru oftast hluti af stærri útihátíðum.

Strákarnir stóðu sig vel og Óskar komst á verðlaunapall nokkrum sinnum. Íslenski hópurinn taldi alls 20 manns og var ferðin afar vel heppnuð. Myndir frá ferðinni má finna á Facebooksíðu Glímusambands Íslands.

Ungt fólk og lýðræði

Fjögur ungmenni úr Flóahreppi voru fulltrúar Þjótanda og Flóahrepps á ungmennaráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði sem UMFÍ hélt á dögumum. Það voru þau Hjalti Geir Jónsson, Hanna Dóra Höskuldsdóttir, Viðar Hrafn Victorsson og Sigurjón Reynisson. Ráðstefnan sem var fyrir 16-25 ára fór fram á Reykjum í Hrutafirði og stóð í þrjá daga. Á dagskrá voru fyrirlestrar og umræður um umhverfismál og fleira. Nokkrir alþingismenn mættu á staðinn síðasta daginn og tóku þátt í umræðuhópum, og fulltrúum gafst gott tækifæri til að koma að spurningum og rökræða um ýmis mál. Er óhætt að segja að krakkarnir hafi komið reynslunni ríkari heim.

Áveitan

Við minnum á að einfalt er að gerast áskrifandi af prentaðri útgáfu af Áveitunni. Einnig er hægt að komast inn á netfangalista og fá blaðið sent í tölvupósti.

Það er því engin ástæða til að láta efni blaðsins fram hjá sér fara. Hafið samband við Hallfríði Ósk í síma 845-9719 eða á netfangið halla@floahreppur.is til að panta áskrift.

laugardagskvöldið 28. október

KÓTELETTUKVÖLD

Í ÞINGBORG



Hið stór skemmtilega Kótelettukvöld verður haldið á vetrardaginn fyrsta í Þingborg, laugardagskvöldið 28. október nk. Húsið opnar kl. 19.30. Hátiðin sett kl. 20.00

Við borðum kótelettur í raspi ásamt tilheyrandi meðlæti þökk sé íslenska bóndanum.

Eftirréttur frá Kjörís og kaffi (gos, rautt, hvítt, og bjór selt af bar).

Veislustjóri verður Guðni Ágústsson. Karlaþórinn Öðlingarnir úr Rangárvallasýslu syngja undir stjórn Guðjóns Halldórs Óskarssonar

HAPPDRETTI SAMKVÆMT VENJU. VINNINGAR ERU:

- Forystuhrútur frá Ytra Álandi
- Folatollur undan Skugga- Sveini, Kristínar og Trausta í Austurhlíð. Hátt dæmdur fimm vetra með 8,56 fyrir hæfileika og aðaleinkunn 8,44. F. Hrannar frá Flugumýri og M. Von frá Langsstöðum
- Gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður á Hótel Kríunesi Kópavogi
- Gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður á Hótel Selfoss
- Flóamannabók Hraungerðishreppur
- Flóamannabók Hraungerðishreppur
- Guðni- Flói bernsku minnar
- Í Skugga Gaulverjabæjar
- Hallgerður Langbrók

ÞINGBORG TEKUR 200 MANNS Í SÆTI, GOTT AÐ PANTA MIÐA SEM FYRST.

Miða og borðapantanir hjá eftirtöldum aðilum:

Guðrún Tryggvadóttir s: 894-4448 netfang: grenigrund(hja)islandia.is

Sigmundur Stefánsson s: 898-6476 netfang:
sigmundurstef(hja)gmail.com

Aðalsteinn Sveinsson s: 860-7714 netfang: adalsteinnkolsholti(hja)
gmail.com

Miðaverð 8000 krónur/átta þúsund krónur.

FÖGNUM VETRINUM, HANN HEFUR SÍNA TÖFRA OG ÞÖKKUM GOTT SUMAR.

Þið eruð öll hjartanlega velkomin meðan húsrúm leyfir.

Allur ágóði rennur til Flóamannabókar, Villingaholts- hreppurinn er næstur.

GÓÐA SKEMMTUN!

Þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju

Sunnudaginn 15. október verður þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju kl .14.00.

Að lokinni messu verður messukaffi í Þjórsárverri, svokallað Pálínuboð, þar sem allir leggja eitthvað til á hlaðborð, kaffi, te og djús verður á boðstólum.

Við hvetjum alla til að koma til messu, en gaman ef þau sem eiga þjóðbúninga síns lands mæti í þeim.

Prestur verður sr. Ása Björk Ólafsdóttir, Guðmundur Eiríksson er organisti, kór Hraungerðis- og Villingaholtskirkna leiða söng. Sóknarnefndin



Fréttir úr Flóaskóla

25. september síðastliðinn hófst viðamikið þemaverkefni í Flóaskóla þar sem unnið er með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Allir nemendur skólans taka þátt í verkefninu. Það hófst með því að heimsmarkmiðafáni var dreginn að húni. En fánadagur heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna var einmitt haldinn í fyrsta sinn á Íslandi þennan dag.



Nemendur vinna með heimsmarkmiðin í rúmar tvær vikur. Velta fyrir sér merkingu markmiðanna, hvers vegna þau eru mikilvæg og hvernig við getum stuðlað að bættu samfélagi í anda þeirra. Vinnu nemenda lýkur svo með kynningu í skólanum.

Undanfari þessa verkefnis er að á síðasta skólaári sótti Flóaskóli um að gerast UNESCO skóli og í nóvember 2022 var sú umsókn samþykkt. Skólinn hefur lengi unnið að ýmsum verkefnum sem falla vel að hugmyndafræði UNESCO og var því vel við hæfi að taka skrefið alla leið og gerast UNESCO skóli.

Meginmarkmið UNESCO er að stuðla að friði og öryggi í heiminum með því að efla alþjóðlega samvinnu á sviði menntunar, vísinda- og menningarmála. UNESCO eða *United Nations Educational, Scientific and Cultural Or-*

ganization er Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Á þess vegum hefur verið starfrækt alþjóðlegt samstarfsnet skóla frá árinu 1953 sem kallast UNESCO-skólar. Skólarnir sem eru á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi, eru nú um 12.000 og starfa í 182 landi.

Á Íslandi eru 18 skólar hluti þessa samstarfsnets, þar af 7 grunnskólar. Við í Flóaskóla erum stolt af því að vera þátttakendur í þessu samstarfi.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir



Dósasöfnun 10. bekkjar

Halló, halló.

Við krakkarnir í 10. bekk í Flóaskóla erum að safna dósnum fyrir útskriftarferð okkar til Danmerkur. Við verðum á ferðinni um Flóahrepp 9.– 23. október. Sjáumst hress og takk fyrir stuðninginn. 10. bekkur í Flóaskóla



Úrslit af Flóamóti

400 m hlaup 1.-3. bekkur stelpur

Sóley Lindsey Aitken Sævarsd.	1:55 mín
Brynhildur Katrín Fransdóttir	1:56 mín
Emilía Agnes Jóhannsdóttir	2:05 mín
Rakel Ýr Sigmarsdóttir	2:07 mín
Íris Harpa Kristinsdóttir	2:24 mín
Greta Sóley Ingvarsdóttir	2:29 mín
Ásdís Una Sigurðardóttir	3:45 mín

400 m hlaup 1.-3. bekkur strákar

Þorkell Ólafur Þórbergsson	1:32 mín
Kolbeinn Sturluson Schacht	1:35 mín
Héðinn Fannar Höskuldsson	1:42 mín
Einar Hörður Haraldsson	1:45 mín
Haraldur Ólafarson	1:46 mín
Kristján Þórarinn Andrason	1:47 mín
Gísli Brynjar Ágústsson	1:54 mín
Sölvi Þór Magnússon	2:08 mín
Emmanúel Sveinn Víkingsson	2:20 mín

400 m hlaup 4.-6. bekkur stelpur

Valgerður Björk Hlíðdal	1:32 mín
Ragnhildur Sara Andradóttir	1:52 mín
Annamaría Rós P. Artursdóttir	2:10 mín

400 m hlaup 4.-6. bekkur strákar

Kristján Reynisson	1:28 mín
Arnar Alex Reynisson	1:40 mín
Óskar Hansson	1:46 mín
Steinn Þorri Victorsson	1:49 mín
Ottó Ingi Annýjarson	1:50 mín
Sigurður Helgi Guðjónsson	1:52 mín

400 m hlaup 7.-10. bekkur stelpur

Hugrún Svala Guðjónsdóttir	1:32 mín
----------------------------	----------

400 m hlaup 7.-10. bekkur strákar

David Örn Aitken Sævarsson	1:07 mín
Helgi Reynisson	1:07 mín
Benóný Ágústsson	1:11 mín
Kristófer Andrason	1:19 mín
Axel Örn Aitken Sævarsson	1:21 mín
Guðni Bóas Davíðsson	1:22 mín
Bjarki Rafn Reynisson	1:23 mín
Þorbjörn Sturluson Schacht	1:23 mín
Hlynur Davíðsson	1:29 mín
Magnús Ögri Steindórsson	1:35 mín
Gísli Svavar Sigurðsson	1:36 mín
Kári Einarsson	1:36 mín

Egill Ingi Nielsen Jakobsson	1:39 mín
Garðar Þór Jónsson	1:44 mín

Kúluvarp 1.-3. bekkur stelpur

Lilja Reynisdóttir	3,60 m
Rakel Ýr Sigmarsdóttir	3,30 m
Brynhildur Katrín Fransdóttir	3,00 m
Emilía Agnes Jóhannsdóttir	2,90 m
Guðný Adéle Guðnadóttir	2,60 m
Greta Sóley Ingvarsdóttir	2,20 m
Íris Harpa Kristinsdóttir	2,20 m
Dalía Lórey Ketel	2,20 m
Fjóla Angele Guðnadóttir	1,70 m
Lóa Noella Guðnadóttir	1,60 m
Hjördís Heiða Gröndal	1,30 m
Ásgerður Bjarnadóttir	1,10 m

Kúluvarp 1.-3. bekkur strákar

Héðinn Fannar Höskuldsson	5,30 m
Kristján Þórarinn Andrason	4,60 m
Þorkell Ólafur Þórbergsson	4,15 m
Gísli Brynjar Ágústsson	3,90 m
Einar Hörður Haraldsson	3,40 m
Ernir Rafn Eggertsson	3,20 m
Haraldur Ólafarson	3,20 m
Kolbeinn Sturluson Schacht	3,20 m
Sölvi Þór Magnússon	3,10 m
Guttormur Ólafarson	2,10 m
Emmanuel Sveinn Víkingsson	1,90 m
Helgi Corbin Guðnason	1,40 m

Kúluvarp 4.-6. bekkur stelpur

Matthilda Sigurðardóttir	6,07 m
Kristín Sigurðardóttir	5,73 m
Marikó Árný Ketel	4,90 m
Valgerður Björk Hlíðdal	4,61 m
Elín Dóra Þorsteinsdóttir	3,73 m
Ragnhildur Sara Andradóttir	3,35 m

Kúluvarp 4.-6. bekkur strákar

Baldur Ragnar Ragnarsson	8,41 m
Óskar Hansson	7,24 m
Jón Bragason	6,92 m
Arnar Alex Reynisson	6,39 m
Kristján Reynisson	6,23 m
Páll Axel Axelsson	5,40 m
Viktor Logi Tello	5,11 m
Magnús Búi Ágústsson	5,10 m
Steinn Þorri Victorsdóttir	4,63 m
Ottó Ingi Annýjarson	4,49 m

Kúluvarp 7.-10. bekkur Stelpur

Hugrún Svala Guðjónsdóttir	8,82 m
Ásta Björg Jónsdóttir	7,22 m

Kúluvarp 7.-10. bekkur strákar

Freyr Sturluson Schacht	10,36 m
Björgvin Guðni Sigurðsson	10,28 m
Helgi Reynisson	10,15 m
Benóný Agústsson	9,99 m
Eyþór Bergmann Ingvarsson	9,18 m
Kristófer Máni Andraon	7,83 m
Kári Einarsson	7,76 m
Albert Hellsten Högnason	6,92 m
Egill Ingi Nielsen Jakobsson	6,70 m
Garðar Þór Jónsson	6,70 m
Tumi Þór Svansson	6,45 m
Hróar Indriði Dagbjartsson	4,75 m

60 m hlaup 1.-3. bekkur stelpur

Lilja Reynisdóttir	11,9 sek
Brynhildur Katrín Fransdóttir	12,3 sek
Íris Harpa Kristinsdóttir	12,4 sek
Emilía Agnes Jóhannsdóttir	12,6 sek
Greta Sóley Ingvarsdóttir	13,3 sek
Rakel Ýr Sigmarsdóttir	13,5 sek
Lóa Noelle Guðnadóttir	14,6 sek
Fjóra Angele Guðnadóttir	14,8 sek
Dalía Lórey Ketel	15,6 sek
Ásgerður Bjarnadóttir	16,2 sek
Hjördís Heiða Gröndal	17,0 sek

60 m hlaup 1.-3. bekkur strákar

Héðinn Fannar Höskuldsson	10,2 sek
Kristján Þórarinn Andrason	11,1 sek
Þorkell Ólafur Þórbergsson	11,2 sek
Kolbeinn Sturluson Schacht	11,3 sek
Einar Hörður Haraldsson	11,4 sek
Haraldur Ólafarson	11,7 sek
Gísli Brynjar Ágústsson	12,6 sek
Sölvi Magnússon	12,7 sek
Ernir Rafn Eggertsson	12,9 sek
Emmanuel Sveinn Víkingsson	14,2 sek
Helgi Corbin Guðnason	15,0 sek

60 m hlaup 4.-6. bekkur stelpur

Valgerður Björk Hlíðdal	10,9 sek
Maríkó Árný Ketel	11,0 sek
Steinunn Lilja Kristinsdóttir	11,1 sek
Matthilda Sigurðardóttir	11,2 sek

Ásgerður Saga Stefánsdóttir	11,3 sek
Annamaría Rós P. Artúrsdóttir	11,8 sek
Ragnhildur Sara Andradóttir	11,8 sek
Guðbjörg Erla Annýjardóttir	12,7 sek
Elín Dóra Þorsteinsdóttir	12,8 sek
Kristín Sigurðardóttir	14,4 sek
Guðný Adéle Guðnadóttir	14,8 sek

60 m hlaup 4.-6. bekkur strákar

Kristján Reynisson	9,8 sek
Arnar Alex Reynisson	10,0 sek
Viktor Logi Tello	10,1 sek
Páll Axel Axelsson	10,3 sek
Ottó Ingi Annýjarson	10,9 sek
Steinn Þorri Victorsson	11,6 sek
Sigurður Helgi Guðjónsson	11,9 sek

80 m hlaup 7.-10. bekkur stelpur

Hugrún Svala Guðjónsdóttir	12,8 sek
----------------------------	----------

80 m hlaup 7.-10. bekkur strákar

Benóný Ágústsson	11,1 sek
Bjarki Rafn Reynisson	11,2 sek
Helgi Reynisson	11,3 sek
Magnús Ögri Steindórsson	11,8 sek
Guðni Bóas Davíðsson	11,8 sek
Kristófer Máni Andrason	12,6 sek
Axel Örn Aitken Sævarsson	12,7 sek
Styrkár Birgisson	13,0 sek
Gísli Svavar Sigurðsson	13,3 sek
Egill Ingi Nielsen Jakobsson	13,5 sek
Kári Einarsson	14,0 sek
Hrafnkell Hilmar Sigmarsson	14,6 sek
Hlynur Davíðsson	14,8 sek
Albert Hellsten Högnason	14,9 sek
Þorbjörn Sturluson Schacht	15,1 sek
Garðar Þór Jónsson	15,2 sek
Hróar Indriði Dagbjartsson	15,8 sek
Freyr Sturluson Schacht	20,3 sek

Langstökk 1.-3. bekkur stelpur

Íris Harpa Kristinsdóttir	2,25 m
Lilja Reynisdóttir	2,22 m
Helena María Sanchez	2,02 m
Guðný Adele Guðnadóttir	1,96 m
Rakel Ýr Sigmarsdóttir	1,94 m
Emilía Agnes Jóhannsdóttir	1,85 m
Greta Sóley Ingvarsdóttir	1,82 m
Lóa Noelle Guðnadóttir	1,68 m
Brynhildur Katrín Fransdóttir	1,63 m

Agnes Eva Dagbjartsdóttir	1,44 m
Hjördís Heiða Gröndal	1,31 m
Dalía Lórey Ketel	1,30 m
Ásgerður Bjarnadóttir	1,22 m
Fjóla Angele Guðnadóttir	0,96 m

Langstökk 1.-3. bekkur strákar

Héðinn Fannar Höskuldsson	2,91 m
Þorkell Ólafur Þórbergsson	2,79 m
Einar Hörður Haraldsson	2,68 m
Kolbeinn Sturluson Schacht	2,52 m
Sölvi Þór Magnússon	2,37 m
Haraldur Ólafarson	2,34 m
Ernir Rafn Eggertsson	2,30 m
Kristján Þórarinn Andrason	2,26 m
Gísli Brynjar Ágústsson	2,06 m
Emmanuel Sveinn Víkingsson	1,81 m
Guttormur Ólafarson	1,73 m
Helgi Corbin Guðnason	1,55 m

Langstökk 4.-6. bekkur stelpur

Matthilda Sigurðardóttir	2,73 m
Valgerður Björk Hlíðdal	2,34 m
Ragnhildur Sara Andradóttir	2,31 m
Guðný Adéle Guðnadóttir	3,33 m
Marikó Árný Ketel	2,08 m
Kristín Sigurðardóttir	1,90 m
Elín Dóra Þorsteinsdóttir	1,81 m

Langstökk 4.-6. bekkur strákar

Kristján Reynisson	3,64 m
Arnar Alex Reynisson	3,48 m
Páll Axel Axelsson	3,00 m
Ottó Ingi Annýjarson	2,64 m
Steinn Þorri Víctorsson	2,55 m
Magnús Búi Ágústsson	2,22 m

Langstökk 7.-10. bekkur strákar

Helgi Reynisson	5,15 m
Benóný Ágústsson	4,90 m
Bjarki Rafn Reynisson	4,50 m
Magnús Ögri Steindórsson	4,46 m
Gísli Svavar Sigurðsson	3,95 m
Kári Einarsson	3,88 m
Guðni Bóas Davíðsson	3,87 m
Kristófer Máni Andrason	3,85 m
Freyr Sturluson	3,77 m
Guðbergur Davíð Ágústsson	3,77 m
Eyþór Bergmann Ingvarsson	3,47 m

Þorbjörn Sturluson 3,43 m
Styrkár Birgisson 3,34 m
Egill Ingi Nielsen 3,30 m
Hróar Indriði Dagbjartsson 2,23 m

AÐVENTAN Í FLÓAHREPPI

MENNINGARNEFND KYNNIR Í SAMSTARFI
VIÐ BERGLINDI BJÖRK
FJÖLSKYLDUTÓNLEIKA



FLÓAHREPPUR

TAKIÐ KVÖLDIÐ FRÁ

STAÐSETNING OG NÁNARI DAGSKRÁ

AUGLÝST SÍÐAR

Meistaramót Þjótanda í skák í nóvember

Meistaramót Þjótanda í skák verður haldið í nóvember. Mótið var haldið í fyrsta sinn í fyrra og heppnaðist vel og vonandi mæta enn fleiri keppendur í ár. Keppt verður í opnum flokki og meistaraflokki. Sigurvegari í meistaraflokki verður krýndur Þjótandameistari í skák 2023. Mótið verður nánar auglýst síðar en skákfólk getur byrjað að æfa sig.

Dagskrá mánaðarins:

Þjótandaæfing 5.-10. bekkur	3. okt
Haustrfundur kvenfélags Hraungerðishrepps	5. okt
Þjótandaæfing 2.-4. bekkur	6. okt
Þjótandaæfing 5.-10. bekkur	10. okt
Þjótandaæfing 2.-4. bekkur	13. okt
Þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju	15. okt
Þjótandaæfing 5.-10. bekkur	17. okt
Haustrfundur kvenfélags Villingaholtshrepps	19. okt
Þjótandaæfing 2.-4. bekkur	20. okt
Þjótandaæfing 5.-10. bekkur	24. okt
Þjótandaæfing 2.-4. bekkur	27. okt
Kótelettukvöld í Þingborg	28. okt
Þjótandaæfing 5.-10. bekkur	31. okt